



Samtök áhugafólks um spilafíkn
Dugguvogi 17-19
104-Rvk
Vefsíða: www.spilavandi.is
Netfang: spilavandi@spilavandi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2508
komudagur 25.5.2010

Reykjavík 25.maí 2010.

Umsögn um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti.

Samtök áhugafólks um spilafíkn eru alfarið á móti því að það sé hægt að auglýsa fjárhættuspil í öllum fjölmiðlum þessa lands. Hvort það sé á netmiðlum, sjónvarpi, útvarpi eða dagblöðum.

Það hefur aukist ólögleg veðmálsstarfsemi hér á landi sérstaklega á netinu og hafa birtingar á ólöglegum auglýsingum verið mjög áberandi. Þar sem fjárhættuspil er bannað á Íslandi þarf að vera skýrar línur í auglýsinarmálum og bregðast þarf við því á viðeigandi hátt sem lög segja um og beyta refsingum við brotum á þeim.

Það getur verið erfitt að nálgast erlendu aðilana sem auglýsa hér á landi, þannig að það verður að gera þann fjölmiðil ábyrgan fyrir auglýsingum sem þeir birta.

Þeir sem hafa lögboðinn einkarétt á að bjóða upp á happdrætti, skafmiða, talnagetraunir, spilakassa og íþróttagetraunir, samkvæmt lögum auglýsa starfsemi sína. Þar sem slík starfsemi er bundinn við aldurtakmark sem er 18.ár skal ávalt koma fram að það sé 18 ára aldurstakmark, sama hverju nafni þau nefnast, t.d. happdrættismiðar, lottó, lengjan, íþróttagetraunir, skafmiðar eða spilakassar.

Ef viðkomandi aðilar fara ekki ekki eftir lögum um aldurtakmark í auglýsingum sínum skal beyta sektum, ef þau fara ekki eftir því og ítrekað birta auglýsingar sem ekki kemur fram aldurtakmark skal svipta þau leyfi. Fjárhættuspil hafa stórukist hér á landi. Það er mikilvægt að breyta orðalagi á b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna þannig að sé enginn vafi það sé bannað að auglýsa fjárhættuspil á Íslandi og greinin nái markmiði sínu.

Virðingarfyllst.

Júlíus Þór Júlíusson formaður
Samtaka áhugafólks um spilafíkn.